



Sveitarstjórnin í Grundarfirði

SÍMI 93 - 86630 FAX 93 - 86779

GRUNDARGÖTU 30

Alþingi

Erindi nr. D 117 / 889

komudagur 16 / 3 1994
GRUNDARFIRÐI.

11.03.94

Umhverfisnefnd Alþingis
bt. Ágústu H Lárusdóttur deildarfulltrúa
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Hjálagt fylgir umsög Hreppsnefndar Eyrarsveitar um frumvarp til laga um verndun Breiðafjarðar, samkvæmt bréfi frá Umhverfisnefnd dags. 03.03.94.

Virðingarfyllst,



Sveitarstjórnin Grundarfirði

Magnús Stefánsson
Magnús Stefánsson



FRUMVARP TIL LAGA UM VERNDUN BREIÐAFJARÐAR

Umsögn Hreppsnefndar Eyrarsveitar

Hreppsnefnd telur jákvætt að gert sé átak í að vernda Breiðafjörðinn, með sínu auðuga náttúru- og lífríki og að með þessu lagafrumvarpi sé verið að sýna viðleitni til þess að ná utan um þetta svæði með ákveðnum hætti til þess að mögulegt sé að vernda þessa náttúruperlu fyrir ágangi, raski, mengun o.m.fl. Þó bendir hreppsnefnd á eftirfarandi atriði sem talið er að þurfi að taka til athugunar við vinnslu frumvarpsins.

Nauðsynlegt er að tryggja það að ef frumvarpið verður að lögum þá verði löggin ekki til þess að skerða sjálfsforræði sveitarfélaga varðandi strandlengu, eyjar og sker, m.a. á sviði bygginga- og skipulagsmála. Hreppsnefnd telur að frumvarpið megi á engan hátt leiða til breytinga hvað þetta varðar frá gildandi lögum þar um. Bent er á að hér geti m.a. verið um að ræða að löggin hamli því ekki að sveitarfélögin geti t.d. ráðist í holræsaframkvæmdir, hafnarframkvæmdir o.p.h., án þess að þurfa að sækja til þess sérstakt leyfi til Breiðafjarðarnefndar eða Umhverfisstofnunar. Þessi mál verði eftir sem áður meðhöndluð samkvæmt núgildandi lögum þar um.

Hreppsnefnd veltir upp þeirri spurningu hvort þörf sé á þessari lagasetningu, ef tekið er mið af því að í hinum ýmsu núgildandi lögum er tekið á ýmsum þeim þáttum sem lagafrumvarpið fjallar um, og er þar m.a. bent á skipulags- og byggingamál, ásamt þeim ýmsu lögum og reglugerðum sem taka á málum sem tengjast nýtingu sjávarfangs o.m.fl.

Þá hefur hreppsnefnd áhyggjur af því að Breiðafjarðarnefnd geti í skjóli verndunar lífríkis komið til með að standa í vegi fyrir einstökum framfaramálum, eins og til dæmis því að einstakir firðir verði brúaðir o.p.h. Hér er m.a. bent á áform um að Kolgrafarfjörður verði brúaður í náinni framtíð, sem er mjög mikið hagsmunamál og öryggismál fyrir þá umferð sem þar fer um. Þá gerir hreppsnefnd þá fyrirvara varðandi áform um stofnun Breiðafjarðarnefndar, að með því sé hugsanlega verið að stofnsetja óþarfa bákn til þess að fjalla um þá hluti sem um er að ræða. Þá virðist hreppsnefnd sem verk- og valdsvið Breiðafjarðarnefndar sé óljóst og að opið sé fyrir árekstra nefndarinnar við aðra aðila varðandi nýtingu og verndun svæðisins. Þá er það álit hreppsnefndar að Breiðafjarðarnefnd eigi að vera stefnumótandi aðili út frá faglegum sjónarmiðum og ráðgefandi við ráðuneyti og önnur stjórnvöld, en eigi ekki að fjalla um einstök klögumál eða deilumál sem upp kunna að koma. Loks er á það bent að eðlilegt sé að skipan nefndarinnar miðist m.a. við það að hagsmunaaðilar, á við eyjabændur, æðarræktendur o.fl. eigi aðild að nefndinni.



Varðandi verndun svæðisins, þá óttast hreppsnefnd að slíkt geti leitt til friðunar einstakra svæða og að slíkar ráðstafanir geti eingöngu orðið til ópurftar og tjóns fyrir lífríki viðkomandi svæða. Í þessu sambandi er m.a. vísað til Melrakkaeyjar á Grundarfirði, sem hefur verið friðuð um alllangt skeið með þeim afleiðingum að menn telja að hafi orðið til stórtjóns fyrir lífríki eyjarinnar. Í þessu sambandi kom fram sú skoðun að ekki sé rétt að breyta frá eðlilegri nýtingu lífríkisins og auðlinda þess frá því sem verið hefur og að því verði ekki raskað.

Hreppsnefnd tekur undir ákvæði 7. greinar, að kostnaður við framkvæmd laganna greiðist eingöngu og alfarið úr ríkissjóði.